



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Landshótelvegur 24

105 Reykjavík, Iceland

Phone (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

Email [umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)

Website [www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Reykjavík, 7. mars 2007

Tilvísun: UST20070200217/eg

Alþingi - Samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

### Frumvarp til laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, 588. mál

Vísað er til erindis samgöngunefndar, dags. 26. febrúar sl., þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, 588. mál.

Í heild sinni telur Umhverfisstofnun frumvarpið vera til bóta og einföldunar á málaflokknum. Stofnunin vill þó koma á framfæri eftirfarandi ábendingum:

Umhverfisstofnun bendir á að heiti frumvarpsins geti valdið misskilningi þar sem það tekur einungis til rekstrarleyfa. Stofnunin bendir á að sala á veitingum er dreifing matvæla og fellur þar af leiðandi undir lög nr. 93/1995, um matvæli. Á sama hátt er fjallað um aðbúnað í gististöðum í hollustuháttareglugerð nr. 941/2002, sbr. 4. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

*Umhverfisstofnun leggur til að heiti frumvarpsins verði breytt í **Lög um rekstrarleyfi fyrir veitingarstaði, gististaði og skemmtanahald**.*

Í annan stað telur Umhverfisstofnun á að í 18. gr. (tímabundin áfengisveitingarleyfi) sé ekki tilgreint með skýrum hætti hvaða aðili skuli sækja um tímabundið vínveitingaleyfi ef um er að ræða kynningar á stöðum sem ekki hafa vínveitingaleyfi. Stofnunin telur að taka þurfi af öll tvímæli um það hver teljist rekstraraðili í þessu tilviki, söluaðili sem heldur kynninguna, rekstraraðili húsnæðisins, eða sá aðili (t.d. félag eða einstaklingur) sem óskar eftir því að kynningin sé haldin.

Að lokum vill Umhverfisstofnun benda á að í athugasemdum með lagafrumvarpinu segir:

„Ekki er lagt til að tekið verði upp í frumvarpið ákvæði er heimilar ráðherra að kveða á um menntun starfsfólks veitinga- og gististaða en slíkt ákvæði er í gildandi lögum um veitinga- og gististaði. Reglugerðarheimild þessi hefur ekki verið nýtt og þykir menntun starfsfólks sem starfar við þá starfsemi sem frumvarp þetta tekur til nægilega fyrirkomið hjá menntastofnunum landsins auk þess sem slík málefni eiga undir menntamálaráðuneytið. Hins vegar er kveðið á um í 6. gr. frumvarpsins að hægt sé að kveða á um í reglugerð að dyraverðir sæki sérstök námskeið.“

Af þessu tilefni bendir stofnunin á að áætlað er að taka inn í íslenskan rétt tilskipun 852/2004/EB um hollustuhætti í matvælaíðnaði en þar er gerð krafa um að stjórnendur

UST

matvælafyrirtækja, þar með talin veitingahússrekstur, skulu tryggja að starfsmenn séu upplýstir og/eða þjálfaðir í efnum er varða hollustuhætti í matvælaiðnaði í samræmi við þau störf sem þeir annast.

Virðingarfyllst

*Elín Guðmundsdóttir*

Elín Guðmundsdóttir

Forstöðumaður matvælasviðs



Davíð Egilson

Forstjóri